

Borgarráð

Kosningakerfi verkefnisins Hverfið mitt uppfært og aðlagð snjallsímum og öðrum snjalltækjum

Lagt er til að borgarráð samþykki að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að hefja viðræður við Íbúa ses. og Kópavogsbæ um uppfærslu og aðlögun á kosningakerfi verkefnisins Hverfið mitt að snjallsímum og öðrum snjalltækjum.

Greinargerð:

Notkun á snjallsímum og öðrum snjalltækjum hefur aukist mikið undanfarin ár. Þess til stuðnings má nefna að aðeins 12% notenda heimsóttu vefinn Betri Reykjavík í snjalltækjum þegar hugmyndasöfnun Betri hverfa fór fram árið 2014 en var orðin 42% í hugmyndasöfnuninni í vor. Gera má ráð fyrir að notkun á snjallsímum og öðrum snjalltækjum muni aukast enn frekar fram að kosningu í Hverfinu mínu í nóvember 2016. Mikilvægt er að viðmót kosningakerfisins sé með besta móti og verði aðgengilegt bæði í snjallsímum og öðrum snjalltækjum. Ætla má að bætt aðgengi að verkefninu muni hafa jákvæð áhrif á kosningaþátttöku í hverfakosningunum í haust. Kópavogsbær mun notast við sama kosningakerfi í verkefninu Okkar Kópavogur og því er fyrirséð að samstarf verði við Kópavogsbæ um verkefnið og að sveitarfélögin muni deila kostnaði sem af breytingunum hlíst.

Dagur B. Eggertsson

